

Sólrún Inga Traustadóttir  
Arthur Knut Farestveit  
Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir  
Gunnar Grímsson  
Sigrún Hannesdóttir  
Valur Magnússon

## Fornar rætur Árbæjar - Fornleifarannsókn Áfangaskýrsla 2018



Reykjavík 2019  
Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 197



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Borgarsögusafn  
Reykjavíkur



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Ritstjóri: Sólrún Inga Traustadóttir.

Kortagerð: Gunnar Grímsson og Sólrún Inga Traustadóttir.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Arthur Knut Farestveit, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Gunnar Grímsson, Sigrún Hannesdóttir, og Valur Magnússon.

Forsíðumynd: Alstöðin sett upp í mígandi rigningu. Birt á Instagram undir myllumerki rannsóknarinnar: #fornarrætur. Ljósmyndari: Lilja Einarsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 197

Reykjavík 2019

Öll réttindi áskilin.

## **Grunnupplýsingar um rannsókn**

Leyfisnúmer: 201606-0078

Þjóðminjasafnsnúmer: 2018-19

Verkefnanúmer Fornminjasjóðs: 2018040068

Stutt lýsing: Rannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemenda uppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland.

ISN93 hnit: A 362653 N 404777

Tími vettvangsrannsóknar: 3. maí – 7. september 2018.

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir

Fjöldi starfsmanna: 7

Fjöldi nemenda: 11



## Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	6
Inngangur.....	8
Söguágrip.....	9
Fyrri rannsóknir.....	12
Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2018.....	12
Aðferðafræði.....	14
Jarðsjármælingar.....	15
Svæði 1.....	17
Svæði 2.....	18
Svæði 3.....	19
Svæði 4.....	20
Svæði 5.....	21
Svæði 6.....	21
Svæði 7.....	21
Samantekt.....	23
Svæði A.....	25
Snið í skurði [5310] á svæði A.....	27
Svæði B.....	28
Miðlunar- og safnaþáttur verkefnisins.....	30
Gripir.....	31
Keramík.....	32
Málmur.....	33
Gler.....	33
Steinn.....	34
Bein.....	34
Annað.....	35
Lokaorð.....	35
English Summary.....	37
Heimildaskrá.....	39
Viðauki I – Fundaskrá.....	41
Viðauki II - Einingaskrá.....	60

Viðauki III - Sýnaskrá.....	68
Viðauki IV - Sniðteikningar.....	69
Vestursnið á svæði B .....	70
Þversnið af skurði [5310] á svæði A.....	72
Norðursnið í skurði á svæði A .....	73
Austursnið í skurði á svæði A.....	74
Vestursnið í skurði á svæði A.....	75
Viðauki V – Kort eftir Gunnar Grímsson.....	76
Viðauki VI - Flæðirit ( <i>Harris Matrix</i> ).....	81
Svæði A.....	81
Svæði B.....	82
Viðauki VII – Ljósmyndaskrá.....	83

## Myndaskrá

Mynd 1. Árbær um 1950. Til vinstri má sjá tvö útihús; hæsnakofa og mógeymslu sem nú eru hrunin en sjást sem rústir á yfirborði. Fyrir framan Árbæ sjást tveir hólar sem mynda öskuhauginn þar sem nú er grafið, svæði B. Myndin er tekin í suðaustur.....	11
Mynd 2. Uppgriftarsvæðin árið 2018. Kortagerð: Gunnar Grímsson.....	13
Mynd 3. Nemendurnir Valur Magnússon og Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir setja alstöðina upp í byrjun dags. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir. ....	15
Mynd 4. Jarðsjármælingarsvæðin 2018. Kortagerð: Gunnar Grímsson.....	16
Mynd 5. Svæði 1/Uppgriftarsvæði A (2017), efstu jarðlög (svörun á 10 cm). Núllpunkturinn er NA horn svæðisins. Efst í hægra horninu má greina torfvegg [3360] (rauður litur) með grjóthleðslu (gulgrænt). Neðst á 2-5 metrum við x-ás tákna rauði liturinn sennilegst gjósku úr Kötlu 1500 sem liggur þar in situ.....	17
Mynd 6. Svæði 2, austan við uppgriftarsvæði A (2017). Mælingin sýnir mögulegar drenlagnir á aðeins 10 cm dýpi.....	18
Mynd 7. Svæði 3, svörun á um 90 cm dýpi. Rauði liturinn gæti verið ummerki um mannvirki. ....	19
Mynd 8. Svæði 3, svörun á 30 cm dýpi.....	19
Mynd 9. Svæði 4, svörun á 70 cm dýpi. Grjót úr gömlu hlöðunni sést vel á mælingunum með rauðum lit í 0 -10 m á y-ás.....	20
Mynd 10. Svæði 4, svörun á 1.2 metra dýpi.....	20
Mynd 11. Svæði 5, svörun á 50 cm dýpi.....	21
Mynd 12. Svæði 6, svörun á 90 cm dýpi.....	21
Mynd 13. Svæði 7, svörun á 50 cm dýpi.....	22
Mynd 14. Svæði 7, svörun á 1.5 metra dýpi.....	22
Mynd 15. Kort sem sýnir svæðin sem voru jarðsjármæld á bæjarstæði Árbæjar 2018. Kortagerð: Sólrún Inga Traustadóttir. ....	23
Mynd 16. Anna Lís Guðmundsdóttir og Ármann Dan Árnason við jarðsjármælingar í september. .	24
Mynd 17. Uppgriftarsvæði A. Loftmynd tekin 18. maí 2019. Kortagerð: Gunnar Grímsson.....	25
Mynd 18. Uppgriftarsvæði A, fyrir miðju vinstra megin má sjá mælistiku sem sýnir staðsetningu torfhruns [5665] úr meintu útihúsi eða gerði. Horft til vesturs. ....	26
Mynd 19. Búið að fjarlægja allar fyllingar úr skurði [5310]. Horft á vesturhluta sniðsins þar sem sést móöskubruni í botni, ásamt raskaðri steinhellu, undir ~1226 gjóskunni.....	27
Mynd 20. Horft niður í skurð [5310] á svæði A.....	27
Mynd 21. Kona að strokka eftir Ásmund Sveinsson á Árbæjarsafni. Myndin er tekin í vesturátt. Listasafn Reykjavíkur. ....	27
Mynd 22. Svæði B. Loftmynd tekin 18. maí af öllu svæðinu. Ummerki eftir könnunarskurð 3 frá 2016 sjást greinilega sunnarlega fyrir miðju. Kortagerð: Gunnar Grímsson.....	29
Mynd 23. Nemendur grafa öskuhauginn. Horft í vesturátt. ....	30
Mynd 24. Gestir Árbæjarsafns fræðast um rannsóknina sumarið 2017. ....	31
Mynd 25. Nemendur deildu myndum á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #FORNARRÆTUR.31	
Mynd 26. Skipting gripa eftir efni. Hafa ber í huga að bein er hér skráð undir 24 númerum en undir hverju númeri eru mörg bein (eða tennur). Mest matarúrgangur úr öskuhaug bæjarins.....	32

Mynd 27. Brot úr bolla (2018-19-7) sem fundust í yfirborðslagi [4773] á svæði A. Á botninum stendur: „Made in Japan“ .....	32
Mynd 28. Brot úr nælu (2018-19-21). Stærsta brotið er skjaldarmerki Reykjavíkurborgar en á minni brotunum er áletrað ártalið 1957 og dagsetningin 17. júní.....	33
Mynd 29. Glertala (2018-19-1) úr yfirborðslagi [4773] á svæði A.....	33
Mynd 30. Samansafn af dýrabeinum og tönnum (2018-19-243) úr lagi [5395] á svæði B.....	34
Mynd 31. Gripur 2018-19-174, úr beini með málpinnum.....	35
Mynd 32. Leðurskósóli með koparnöglum (2018-19-76) úr lagi [5395].....	35
Mynd 33. Hópmynd af nemendum og leiðbeinendum á fyrsta degi uppgrftar í Árbæ 2018.....	36



## Inngangur

Verkefnið *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 og er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði, jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á búsetusögu og þróun Árbæjar og að miðla fornleifafræði og niðurstöðum rannsóknarinnar til almennings.

Árið 2018 fóru fram jarðsjármælingar dagana 3.- 4. maí, 3.- 4 og 6.- 7. september. Auk þess fór fram fornleifauppgröftur á bæjarstæði Árbæjar dagana 7. maí - 1. júní. Uppgröfturinn var liður í námskeiðinu FOR406G (Fornleifarannsókn á vettvangi) sem kennt er við Háskóla Íslands og tók 13 nemendur þátt. Umsjónarmaður námskeiðsins og leyfishafi var Sólrún Inga Traustadóttir fornleifafræðingur en auk hennar var fornleifafræðingurinn Angelos Parigoris leiðbeinandi á námskeiðinu. Hreinsun og þökkun gripa fór fram samhliða uppgreftinum undir leiðsögn Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur, fornleifafræðings á Borgarsögusafni. Nemendurnir 13 sem tóku þátt í uppgreftinum voru: Alexandra Catherine Ferguson, Arndís Lilja Bl. Hauksdóttir, Arthur Knut Farestveit, Baptiste Louis Antonin Duvert, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Gunnar Grímsson, Katrín Georgsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir, Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir, Sigtýr Ægir Kárason, Valur Magnússon og Þórhildur Hlín Oddgeirsdóttir. Aðrir sem tóku þátt í vettvangsvinnunni árið 2018 voru Anna Lís Guðmundsdóttir, verkefnastóri fornleifa á Borgarsögusafni, Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Muhammad Aufaristama, doktorsnemi hjá Jarðvísindastofnun, Ármann Dan Árnason fornleifafræðingur og Ómar Valur Jónasson fornleifafræðingur. Úrvinnsla og skráning gagna fór fram haustið 2018 og er liður í námskeiðinu FOR202G (Aðferðafræði II) við Háskóla Íslands. Sólrún Inga Traustadóttir er einnig umsjónarmaður þess og tóku 11 nemendur þátt.

Sérstakar þakkir til allra sem tóku þátt í rannsókninni á einn eða annan hátt árið 2018.

Einnig góðar þakkir til Þóru Bjargar Andrésdóttur, Ármann Höskuldssonar, Ingibjargar Jónsdóttur og Daníels Þórhallssonar hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir alla aðstoð og velvild.

## Söguágrip

Ekki er ljóst hvenær jörðin Árbær byggðist fyrst en elsta ritaða heimildin þar sem Árbæjar er getið er frá 1464. Er það vottunarbréf þess efnis að Ólöf ríka Loftsdóttir hafi greitt niður skuld sína og eiginmanns hennar við konung, undirritað í Árbæ af Steinmóði, ábóta í Viðey og Jóni Narfasyni (Íslenzkt fornbréfasafn V, bls. 430-431). Næst er Árbær svo nefndur í fógetabréfum frá 1547 til 1552 þar sem fram kemur að jörðin tilheyri Viðeyjarklaustri (Íslenzkt fornbréfasafn 12. b., bls. 112, 139, 153, 173 og 399). Við siðaskipti féllu klaustrin í eign danakonungs sem sá áfram um rekstur klausturgóssanna (Steinunn Kristjánsdóttir 2017, bls. 479).

Jörðin var enn í eigu danakonungs árið 1704 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð. Þá var landskuld 80 álnir af jörðinni en dýrleiki hennar ekki metinn. Á jörðinni var tvíbýli; á henni bjuggu Sæmundur Þórarinsson og Steinunn Guðmundsdóttir ásamt börnum þeirra til móts við ókvæntum manni, Sigurði Arasyni og móður hans. Greiddi hvor fjölskylda helming skuldarinnar. Í jarðabókinni kemur fram að Sæmundur átti þrjár kýr, kvígu og tvo hesta en Sigurður þrjár kýr, kálf, naut og hest. Tvö leigukúgildi voru hjá hverjum ábúanda eða fjögur alls og var þeim gert að greiða leiguna í smjöri til Viðeyjar eða Bessastaða. Einnig kemur fram að túnið sé lítið og engið grýtt. Ýmsar kvaðir voru á jörðinni, til að mynda var manslán eitt á vertíð sem ábúendur guldu til skiptis og áttu þeir að lána hesta til alþingis. Auk þess voru dagslættir tveir til Viðeyjar, tveir hríshestar og tveir móhestar og torfskurður til eldiviðar á Bessastöðum. Einnig bar ábúendum að losa stíflu úr Elliðaám tvisvar sumar hvert (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 3. b., bls. 296-298).

Ábúendur Árbæjar komu aftur til sögu síðar á árinu 1704. Í annálum er greint frá því að fjórir menn hafi gengið að líki Sæmundar við Skötufoss og að orðrómur hafi fljótlega farið á kreik um að Sigurður hefði verið valdur að dauða hans. Neitaði Sigurður því í fyrstu en viðurkenndi svo fyrir Páli Beyer landfógeta að hafa hrint Sæmundi niður Skötufoss að áeggjan Steinunnar. Samkvæmt munnmælum hafði Steinunn haldið við Sigurð og þess vegna hvatt hann til þess að drepa bónda sinn. Málið var tekið fyrir á þingi að Varmá í Mosfellssveit þar sem Steinunn viðurkenndi frásögn Sigurðar, en þó treglega. Voru þau flutt á Seltjarnarnes þar sem þau sátu

Í jánnum í hálfan mánuð áður en þau voru dæmd til dauða og tekin af lífi á Kópavogspingi. Steinunn var þá 47 ára en Sigurður 20 árum yngri. Sigurður var hálshöggvinn og höfuð hans sett stöng við dys hans en Steinunni var drekkt í Elliðaá syðri. Steinunn lét eftir sig þrjú börn en Páll Beyer tók sjálfur að sér Berg, yngsta son hennar (Annálar I, bls. 468-470 (Vallaannáll); II, bls. 353, 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 180 (Setbergsannáll)). Árið 1988 stjórnaði Guðmundur Ólafsson fornleifauppgreftri á dysjum manns og konu nálægt Kópavogspingstað. Dysjar þessar höfðu hlotið nafnið Hjónadysjar. Höfuðkúpu karlsins vantaði og ummerki um stöng voru við fætur hans. Ekki er ólíklegt að um dysjar Steinunnar og Sigurðar hafi verið að ræða (Guðmundur Ólafsson 1988).

Takmarkaðar heimildir eru svo til um Árbæ þar til í úttekt sem var gerð á bæjarhúsunum árið 1807. Þar eru nefnd fjögur hús: baðstofa, eldhús, fjós og göng. Úttektir frá árunum 1811 og 1814 eru með svipuðu móti (Hörður Ágústsson 1992, bls. 92-101). Samkvæmt Jarðatali Johnsens var Árbær seldur úr eigu Danakonungs fyrir 270 ríkisdali þann 21. mars árið 1838. Árið 1847 var bærinn svo skráður í bændaeign, dýrleikinn metinn á 16 hundruð og leigð einum ábúenda (Jarðatal Johnsen 1847, bls. 96 og 438).



*Mynd 1. Árbær um 1950. Til vinstri má sjá tvö útihús; hæsnakofa og mógeymslu sem nú eru hrunin en sjást sem rústir á yfirborði. Fyrir framan Árbæ sjást tveir hólar sem mynda öskuhauginn þar sem nú er grafið, svæði B. Myndin er tekin í suðaustur.*

Árið 1881 tóku hjónin Eyleifur Einarsson og Margrét Pétursdóttir, við jörðinni og bjuggu þar til dauðadags, Eyleifur til 1907 en Margrét til 1935. Kristjana Eyleifsdóttir tók við búinu eftir að móðir hennar lést og bjó í Árbæ til 1948 en þá fór hann í eyði. Í tíð Eyleifs og Margrétar var stundaður töluverður veitingarekstur í Árbæ enda var hann í alfaraleið og vinsæll áningastaður þeirra sem fóru um þjóðveginn (Árni Hjartarson o.fl. 1998, bls. 63-65).

Eyleifur og Margrét réðust í ýmsar framkvæmdir: sumarið 1891 reistu þau nýjan bæ, rifu gömlu baðstofuna og reistu á grunni hennar portbyggt hús og norðan við það reistu þau bæjardyrhús með torfpaki. Árið 1912 lét Margrét rífa bæjardyrhúsið og baðstofuloftið og gera upp í þeirri mynd sem það er nú. Auk þess lét Margrét leggja bárujárn á bæinn. Um árið 1920 var byggt hesthús og heyhlaða en hún fauk í óveðri árið 1949 (Hörður Ágústsson 1992, bls. 92-101).

Reykjavíkurbær eignaðist Árbæ árið 1906 (Lögrétta 1906, bls. 150), en eftir að Árbær lagðist í eyði árið 1948 fékk Reykvíkingafélagið það í gegn hjá bæjarráði að félaginu yrði falin umsjón með bænum. Árið 1957 afhenti félagið Reykjavíkurbæ Árbæ á ný og 22. september sama árs var byggðasafnið opnað almenningi (Hrefna Róbertsdóttir 1992, bls. 69-71).

## Fyrri rannsóknir

Sumarið 2015 var drenlögn suðaustan við Árbæ endurnýjuð og við það komu í ljós allt að tveggja metra þykk mannvistarlæg sem teygðu sig í að minnsta kosti 14 metra suðaustur af bænum. Greina mátti mannvist bæði undir og yfir gjóskulagi Kötlu~1500 (Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísá Guðmundsdóttir 2015, bls. 2 og 21). Sumarið 2016 voru gerðir fimm könnunarskurðir þar sem grunur lék á að fyndust mannvirki og öskuhaugur bæjarins. Markmið skurðanna var að staðsetja minjar innan túngarðs á bæjarstæði Árbæjar. Mannvist kom í ljós í öllum fimm skurðunum, þær yngstu frá 20. öld en þær elstu frá því fyrir 1226. Því var ljóst að mannvist á svæðinu ætti sér mun lengri sögu en ritaðar heimildir segja til um (Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísá Guðmundsdóttir 2016, bls. 6 og 23). Sumarið 2017 var uppgriftarsvæði A opnað (sjá mynd 2) og alls voru grafin upp að hluta til eða í heild þrjú mannvirki frá mismunandi tímum og sáust merki um það fjórða. Sum mannvirkjanna voru ekki þekkt úr rituðum heimildum eða af kortum. Sumarið 2017 var umfang og aldur öskuhaugsins áætlaður með borkjarnasýnum en hann hafði verið staðsettur vestan við bæjarhúsin með könnunarskurði sumarið 2016. Borkjarnarannsókn leiddi í ljós að öskuhaugurinn hafði verið í notkun frá því eftir árið 1500 og fram á miðja 20. öld þegar bærinn lagðist í eyði. Allur haugurinn er um 17 m á lengd frá norðri til suðurs, 10 m frá austri til vesturs og um 170 cm þar sem hann er þykkastur en hann þynnist til norður, vesturs og suðurs (Sólrún Inga Traustadóttir 2017, bls. 13).


## Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2018

Sumarið 2018 voru gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra svæði innan bæjarstæðis Árbæjar. Auk þess fór fram fornleifauppgröftur á tveimur svæðum; annars vegar á svæði A,

sem var opnað sumarið 2017 og stækkað í 10 x 10 fermetra í þessum áfanga og hins vegar á svæði B sem var opnað á gamla öskuhaug bæjarins vestan við smiðjuna og er um 6 x 9 fermetrar (sjá mynd 2).

## Árbær 2018-19: Uppgriftarsvæði

Lofkort 28.05.2018



Mynd 2. Uppgriftarsvæðin árið 2018. Kortagerð: Gunnar Grímsson.

## Aðferðafræði

Við uppgröftinn var stuðst við einingaaðferð (e. single context), þar sem hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, byggingarhluti eða hola) var skilgreint sem eining, ljósmyndað og lýst eftir stöðluðu skráningablaði. Hver eining var mæld upp með alstöð og þeim mælingum hlaðið í gagnagrunninn Intrasis í lok hvers vinnudags. Svæði A og B voru grafin með múrskleið og á svæði B var jarðvegur að mestu leiti sigtaður. Allir gripir sem taldir eru til fornleifa skv. 3 gr. laga í I þætti, I kafla um menningarminjar voru teknir til varðveislu. Yngri gripir til dæmis leirker, gler og járngríp voru einnig varðveittir og eru notaðir í safnastarfi og við miðlun til safngesta. Yngstu gripunum úr yfirborðsjarðlögum var fargað á staðnum, en allir gripir voru ljósmyndaðir fyrir förgun. Allir varðveittir gripir hafa verið hreinsaðir og þeim hefur verið pakkaðir samkvæmt leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu forngrípa og frágang. Auk þess hafa þeir verið ljósmyndaðir, mældir og skráðir í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn. Teikningar af sniðum og skrár yfir ljósmyndir, gripir og sýni hafa verið færðar á stafrænt form. Forrit sem notuð voru við úrvinnslu gagna eru Intrasis, ArcMap 10.3, Harris Matrix Composer, Inkscape, GPR-Slice, Microsoft Excel og Word.

Jarðsjármælingar voru gerðar með jarðsjá (*Ground Penetrating Radar*) á sjö afmörkuðum svæðum innan túngarðs á bæjarstæði Árbæjar með 25 cm millibili með 200 mHz loftneti. Trimble Geo7x var notað til þess að taka GPS hnit. Við úrvinnslu jarðsjármælingagagna var notað forritið GPR-Slice.

Þegar veður leyfði myndaði Gunnar Grímsson, nemandi í fornleifafræði, uppgriftarsvæðin tvö, auk Árbæjarsafns í heild sinni, með flygildum. Myndunum var umbreytt í kort, hæðarkort og þrívíddarlíkö. Einnig tók Ingibjörg Jónsdóttir frá Jarðvísindastofnun Háskólans loftmyndir með flygildi og útbjó hæðakort og þrívíddarmyndir.

Svæði B var lokað um leið og uppgreftri lauk þann 1. júní 2018 en svæði A var haldið opnu yfir sumaropnunartíma Árbæjarsafnsins sem hluti af miðlunar- og safnaþætti rannsóknarinnar. Því var svo lokað um miðjan september. Gengið var vel frá báðum svæðum með því að leggja plastdúka yfir og og torfpökur þétt þar ofan á.



Mynd 3. Nemendurnir Valur Magnússon og Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir setja alstöðina upp í byrjun dags. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

## Jarðsjármælingar

Markmið með jarðsjármælingum í Árbæ eru annarsvegar að reyna að kortleggja minjar innan túngarðs og hinsvegar öðlast betri skilning á jarðeðlisfræðilegum aðferðum í íslenskum jarðvegi. Það síðara felur í sér að bera saman niðurstöður mælinga við þekkt jarðlög á svæðinu/uppgraftargögnin. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkar tilraunir eru gerðar á Íslandi sem hafa það að markmiði að efla þekkingu á jarðeðlisfræðilegum aðferðum en John Steinberg og Douglas Bolender hafa farið fyrir slíkum rannsóknum í Skagafirði í gegnum verkefnið *The Skagafjörður Settlement Survey* (Steinberg o.fl. 2008). Þar hafa svæðin verið aftyrft og jöfnuð út áður en jarðsjáin er dregin yfir en þetta er gert svo að yfirborðið sé sem sléttast til þess að skapa sem bestu aðstæður fyrir jarðsjármælingar með radar (*GPR*). Í Árbæ var þetta ekki gert, m.a. vegna þess að safnasvæðið er ekki til þess fallið að raska því að svo miklu leiti og einnig er það tímafrekt og kostnaðarsamt.

Jarðsjármælingar í Árbæ voru gerðar á sex dögum í maí og september. Tekin voru fyrir sjö svæði (sjá mynd 4) fyrir aftan gamla Árbæ, í norðurenda Árbæjar og sitt hvoru megin við kirkjuna. Alls náðu mælingarnar yfir 725 fermetra svæði. Hnitakerfi voru sett út fyrir hvert svæði og gengið var hornrétt í beinum línunum í eina átt (oftast N-S). Mælingarnar voru gerðar




með 25 cm millibili með jarðsjá með 200 mHz loftneti. Trimble Geo7x var notað til þess að taka GPS hnit.

Grunnúrvinnslu á jarðsjármælingagögnum er lokið en haldið verður áfram að skoða þau nánar þegar rannsókninni vindur fram. Hér verður farið stuttlega yfir helstu niðurstöður jarðsjármælinga á hverju svæði fyrir sig. Til útskýringar þá tákna rauður litur ávallt jarðlög sem hafa háan rafsvörunarstuðul miðað við jarðlögin umhverfis og því er ekki algilt að litirnir tákni alltaf sömu tegund af jarðvegi.


## Árbær 2018-19: Jarðsjármælingar

*Loftkort 28.05.2018*



*Mynd 4. Jarðsjármælingasvæðin 2018. Kortagerð: Gunnar Grímsson.*

Einnig er gott að hafa í huga að landslagið á svæðum 1-3 liggur töluvert neðar en svæði 4-5 þar sem mannvistarlög ná dýpra eða allt að um 2 metrum. Meðan á svæði 1-3 má búast við mannvist á mesta lagi 1.2 – 1.5 metrum. Rétt er að benda á að um er að ræða frumtúlkanir á gögnunum en áætlað er að vinna meira með gögnin á árinu 2019 með sérfræðingum.




## Svæði 1

Svæði 1 er afmarkað af uppgraftarsvæði A frá árinu 2017 og er því 6 x 8 metrar að stærð. Gengið var A-V með 25 cm millibili. Ekki var mælt í SV horninu þar sem er djúpur skurður eftir lagnir (hvítt svæði á mynd 5). Glögglega mátti greina torfvegg [3360] við skurðinn (rautt á mynd) en hann er gerður úr dökku og þéttu torfi, með steinaröð austast (sést einnig á mynd sem grængulir hringir).

Torfveggurinn fannst við uppgröft árið 2017 og því vitað um nákvæma staðsetningu hans. Einnig sést móta fyrir torfvegg [3775] vinstra megin á mynd 5.


*Mynd 5. Svæði 1/Uppgraftarsvæði A (2017), efstu jarðlög (svörun á 10 cm). Núllpunkturinn er NA horn svæðisins. Efst í hægra horninu má greina torfvegg [3360] (rauður litur) með grjóthleðslu (gulgrænt). Neðst á 2-5 metrum við x-ás tákna rauði liturinn sennilegast gjósku úr Kötlu 1500 sem liggur þar in situ.*



Mynd 6. Svæði 2, austan við uppgraftarsvæði A (2017). Mælingin sýnir mögulegar drenlagnir á aðeins 10 cm dýpi.

## Svæði 2

Svæði 2 er staðsett austan við uppgraftarsvæði A (2017) og er 10 x 20 metrar að stærð. Gengið var N-S með 25 cm millibili. Greinileg skil myndast fyrir miðju svæði, rétt við 6 metra á x-ás sem hefur verið túlkað sem jarðvegsskipti í túninu sem var sléttað. Þarna má sennilegast sjá drenpytt (rautt) efst á mynd 6 og lagnaskurð sem gengur út frá honum til austurs.




Mynd 7. Svæði 3, svörun á um 90 cm dýpi. Rauði liturinn gæti verið ummerki um mannvirki.


### Svæði 3

Svæði 3 er staðsett beint norður af uppgriftarsvæði A og voru gerðar mælingar á um 6 x 19 metra stóru svæði. Gengið var í N-S með 25 cm millibili.

Áhugaverðast voru mælingar á 60-90 cm dýpi (sjá mynd 7) þar sem mælingar sýndu sömu niðurstöður á 30 cm kafla. Rauðu flekkirnir virðast afmarka ferhyrnt rými. Á 30 cm dýpi litu niðurstöður allt öðruvísi út (sjá mynd 8) en þar gætu mælingar verið að sýna gjósku á því dýpi. Katla-1500 mældist á svipuðu dýpi árið 2016 í skurði 5 sem er staðsettur norðarlega á svæði 3 og sést mögulega sem ljósblár litur uppvið y-ás á mynd 8.



Mynd 8. Svæði 3, svörun á 30 cm dýpi.




Mynd 9. Svæði 4, svörun á 70 cm dýpi. Grjót úr gömlu hlöðunni sést vel á mælingunum með rauðum lit í 0 - 10 m á y-ás.

## Svæði 4

Svæði 4 er staðsett bakvið og austan við bæjarhús Árbæjar en svæðið er 25 x 10 metrar að stærð. Gengið var í N-S með 25 cm millibili. Svæðið náði yfir þann hluta þar sem könnunarskurður 1 var tekinn árið 2016. Á mælingunum mátti greina umsvifamiklu grjóthleðslurnar úr gömlu hlöðunni, sem höfðu komið í ljós í könnunarskurðinum (sjá mynd 9). Einnig var hægt að greina ummerki eftir fánastöng sem stóð þar eftir að Árbæjarsafn var opnað 1957.


Á 1.2 metra dýpi voru áhugaverðar niðurstöður en þar virðast koma í ljós 2-3 samsíða rými (sjá mynd 10).



Mynd 10. Svæði 4, svörun á 1.2 metra dýpi.

## Svæði 5

Svæði 5 er staðsett norður af norðurhlið bæjarhúsanna í Árbæ og er 13 x 10 m að stærð. Árið 2016 var gerður könnunarskurður (4) á sama svæði. Gengið var í N-S með 25 cm millibili. Niðurstöður mælinga á svæðinu voru í samræmi við það sem kom í ljós í könnunarskurðinum, en greina mátti byggingu með inngangi austanmegin. Greinilegt er að gólf byggingarinnar mælist með litla svörun miðað við grjóthleðslur og vegg.




Mynd 11. Svæði 5, svörun á 50 cm dýpi.

En byggingin hefur verið túlkuð sem skepnuhús þar sem gólfið var ekki líkt því sem er að finna í íveruhúsum manna frá miðöldum (sjá nánar í áfangaskýrslu 2017). Einnig mátti sjá greinileg ummerki eftir könnunarskurðinn á mælingunum en það var alls ekki alltaf greinilegt á öðrum svæðum.

## Svæði 6

Svæði 6 er staðsett beint suður af kirkjunni á safnasvæðinu og er 22 x 3.75 metrar að stærð. Gengið var í A-V með 25 cm millibili. Svæðið er afmarkað af kirkjugarðsvegg og kirkju. Landsvæðið umhverfis kirkjuna liggur mun neðar og búið að eiga töluvert við það svæði í seinni tíð, þegar kirkjan var reist þar um 1960-63. Ekki var hægt að sjá nein greinileg mannvirki en áhugaverðustu mælingarnar voru á 90 cm dýpi (mynd 12). Ekki er hægt að segja hvað þetta er að svo stöddu.




Mynd 12. Svæði 6, svörun á 90 cm dýpi.


## Svæði 7

Svæði 7 er staðsett beint norður af kirkjunna á safnasvæðinu og er 11 x 4 metrar að stærð. Gengið var í A-V með 25 cm millibili. Svæðið er afmarkað af kirkjugarðsvegg og kirkju.

Áhugaverð svörun kom í ljós á aðeins 40 – 60 cm dýpi en sennilegst er um að ræða einhvern skurð sem liggur að kirkjunni (mynd 13). Mun dýpra eða á 1.4 metrum þar sem búast má við að engar minjar séu að finna komu þó áhugaverðar mælingar í ljós. Það mætti ætla að jarðvegur sé frekar einsleitur á þessu dýpi en mælingarnar sýndu annað (sjá mynd 14). Erfitt er að segja hvort þetta séu fornleifar, þar sem ekki er talið líklegt að minjar leynist svo djúpt á þessu tiltekna svæði. Það verður aðeins sannreynt með borkjörnum eða með því að taka könnunarskurð.



Mynd 13. Svæði 7, svörun á 50 cm dýpi.



Mynd 14. Svæði 7, svörun á 1.5 metra dýpi.

## Samantekt

Það er ekki hægt að átta sig nákvæmlega á því hvaða hlutverki þau mannvirki þjóna sem greinast með jarðsjánni, það getur einungis uppgröftur ákvarðað. Hinsvegar er hægt að staðsetja mannvirki sem annars sjást ekki á yfirborði og jarðsjármælingar auðvelda þegar ákvarða þarf hvaða svæði verða fyrir valinu fyrir frekari rannsóknir sem hafa jarðrask í för með sér. Til þess að ná góðum og nákvæmum mælingum þarf jörðin að vera slétt og ekki of þýfð. Á svæði 4 í Árbæ var mikið og þykkt gras og báru mælingarnar þess merki. Bestu aðstæður fyrir jarðsjármælingar af þessu tagi eru slétt yfirborð, ekkert nútímarask og eitt búsetustig.

### Árbær 2018 Jarðsjármælingar



Mynd 15. Kort sem sýnir svæðin sem voru jarðsjármæld á bæjarstæði Árbæjar 2018. Kortagerð: Sólrún Inga Traustadóttir.



Mannvirkin sem vitað var af frá vettvangsrannsóknum árin 2016-2017 í Árbæ komu einnig í ljós við jarðsjármælingar 2018, m.a. torfveggur á svæði 1, grjóthleðslur hlöðunnar á svæði 3 og meint útihús á svæði 5. Vísbendingar um fleiri mannvirki komu í ljós, sérstaklega á svæði 4 og verður svæðið mælt aftur upp með uppfærði jarðsjá, í maí 2019 þar sem GPS verður beintengt við tækin sem mun auðvelda túlkun og úrvinnslu.




*Mynd 16. Anna Lísu Guðmundsdóttir og Ármann Dan Árnason við jarðsjármælingar í september.*

## Svæði A

Vorið 2018 var uppgraftarsvæði A, sem opnað var 2017, stækkað um 4 metra í austur og 2 metra í suður og varð því 10 x 10 m að stærð. Vorið 2018 var mest unnið á hinu nýja, stækkaða svæði. Ekki var grafið ýkja djúpt og flestir gripir sem fundust á svæðinu eru frá 18. - 20. öld.

## Árbær 2018-19: Svæði A

Loftkort 18.05.2018



Mynd 17. Uppgraftarsvæði A. Loftmynd tekin 18. maí 2019. Kortagerð: Gunnar Grímsson.

Hluti svæðis A hefur orðið fyrir töluverðu raski á síðari árum. Í vesturhorni svæðisins var grafin upp fylling úr skurði sem gerður var fyrir rafmagnsleiðslu og liggur í gegnum svæðið. Í fyllingunni fundust tveir stórir steinar sem gætu verið hluti úr hleðslu á svæðinu. Í suðvesturhorni svæðisins mátti einnig greina fyllingu í skurði sem gerður var fyrir vatnslögn. Fyllingin var aðeins grafin að hluta til og var í henni mikið um stóra steina, torf, móösku og silt.

Á miðju svæði A var torfhrun [5665] með mikilli K~1500 gjósku. Er þetta framhald af torfhruni [3686] sem grafið var 2017 og tengist gulum torfvegg [3775]. Veggurinn liggur ofan á K-1500 in situ og hefur verið túlkaður sem hluti af útihúsi eða gerði. Áætlað er að grafa allt



*Mynd 18. Uppgraftarsvæði A, fyrir miðju vinstra megin má sjá mælistiku sem sýnir staðsetningu torfhruns [5665] úr meintu útihúsi eða gerði. Horft til vesturs.*

mannvirkið fram á næsta ári og mun hlutverk þess þá líklega skýrast betur.

## Snið í skurði [5310] á svæði A

Undir yfirborði við suðurbakka á svæði A kom í ljós nútíma, hringlaga skurður [5310] fylltur af mól. Skurðurinn var sennilega gerður fyrir grunn högglistverks Ásmundar Sveinssonar, *Kona að strokka* (sjá mynd 21) en staðsetningin er sú sama.



Mynd 19. Búið að fjarlægja allar fyllingar úr skurði [5310]. Horft á vesturhluta sniðsins þar sem sést móðskubruni í botni, ásamt raskaðri steinhellu, undir ~1226 gjóskunni.



Mynd 20. Horft niður í skurð [5310] á svæði A.



Mynd 21. Kona að strokka eftir Ásmund Sveinsson á Árbæjarsafni. Myndin er tekin í vesturátt. Listasafn Reykjavíkur.

Fyllingin var fjarlægð úr skurðinum en hann reyndist um 1 metri á dýpt og náði niður í náttúrulegan jökulruðning. Þversnið hans gaf því glögga mynd af aldri mannvistar á svæðinu. Í sniðinu mátti greina torfvegg með miðaldargjóskulaginu ~1226. Um er að ræða fyrstu merki nýs mannvirkis, sem ekki hafði verið greinilegt við rannsóknir fyrri sumur. Yfir hluta þess

var gjóska úr Kötlu~1500 in situ og bendir það til þess að byggingin hafi verið í notkun á milli árunna 1226 og 1500. Undir byggingunni var miðaldagjóskulagið~1226 in situ nánast óslitið allan hringinn í sniðinu. Þar fyrir neðan mátti greina 40 cm þykk mannvistarlæg. Neðarlega sást torf, sennilega torfhrun, með landnámsgjósku og undir því móöskubruni in situ auk þess sem virtist vera brunnin stoð. Þar sem torfið liggur undir 1226 gjósku má ætla að það hafi verið stungið á milli árunna 870 til 1226. Í skurðinum má því greina tvo fasa; hið fyrra frá 870-1226 og hið síðara frá 1226-1500.


## Svæði B

Vorið 2018 var opnað 6 x 9 m svæði vestur af bæjarhúsunum þar sem öskuhaugur bæjarins hafði verið staðsettur með könnunarskurði 3, sumarið 2016. Í þeim könnunarskurði uppgötvaðist að öskuhaugurinn væri raskaður af nútíma skurði sem innihélt aðflutta brotamöl. Allt umfang skurðarins kom í ljós þegar öskuhaugurinn var opnaður vorið 2018. Hugsanlega er skurðurinn eftir undirstöðu högglistaverks Ásmundar eða eftir fánastöng sem

eitt sinn stóð á svipuðum stað. Einnig má búast við raski vegna smiðjunnar sem var reist 1962-1963.

## Árbær 2018-19: Svæði B

Loftkort 18.05.2018



*Mynd 22. Svæði B. Loftmynd tekin 18. maí af öllu svæðinu. Ummerki eftir könnunarskurð 3 frá 2016 sjást greinilega sunnarlega fyrir miðju. Kortagerð: Gunnar Grímsson.*

Uppgriftarsvæði B einkenndist af móösku, ösku, kolum, brenndum beinum og fokmold. Út frá jarðlagasamhengi er ljóst að yngri hluti öskuhaugsins er norðanmegin og eldri hlutinn sunnan megin, nær smiðjunni. Öskuhaugurinn var grafinn upp með múrskeið og sigtaður að mestu leyti, eða allt að 2/3 hlutar hans.

Svæði B er að mörgu leyti dæmigerður öskuhaugur sem sýnir mannvist í gegnum aldirnar. Ýmsir gripaflokkar komu upp úr haugnum og úr honum hafa alls verið skráð 179 gripánúmer

í Sarp. Helstu gripaflokkar voru dýrabein, glerbrot, járnnaclar. Leirkersbrot voru einnig áberandi og geta þau gefið vísbendingar um nánari aldur haugsins. Einnig var nokkuð um glerbrot af því virtist aðallega eftir áfengis og hugsanlega lyfjaflöskur. Í haugnum fundust þónokkuð af fiskibeinum og skeljar sem gæti bent til verslunar á sjávafangi. Varðveisla dýrabeina í haugnum var góð, mörg þeirra voru í heilu lagi og af nokkrum tegundum, til að mynda úr sauðfé, nautgripum og hestum. Tennur sem við fyrstu sýn líktust hundatönnum fundust einnig stakar. Beinasafnið verður greint af dýrabeinafornleifafræðingi. Öskuhaugar sem þessi hafa mikinn möguleika á að gefa innsýn inn í neyslulíf íbúa svæðisins, heimaframleiðslu og aðkeyptar vörur eins og safnið gefur til kynna. Efniviður öskuhaugsins er einn liður í því að varpa ljósi á samfélagslega stöðu Árbæjar.



*Mynd 23. Nemendur grafa öskuhauginn. Horft í vesturátt.*

## Miðlunar- og safnaþáttur verkefnisins

Á hverju ári heimsækja um 40 þúsund manns Árbæjarsafn og eitt af markmiðum verkefnisins *Fornar rætur Árbæjar* er að miðla fornminjum og starfi fornleifafræðinga bæði til gesta safnsins og lengra út á við. Líkt og undanfarin tvö ár var uppgröfturinn opinn safngestum og

var hluti af leiðsögn um safnið. Viðbrögð safngesta voru með besta móti og sýndu þeir rannsókninni mikinn áhuga, tóku myndir og voru ófeimnir við að spyrja spurninga um verkefnið. Rannsóknin var gerð sýnileg í gegnum samfélagsmiðilinn Instagram undir myllumerkinu #FORNARRÆTUR þar sem allir sem koma að verkefninu geta sett inn myndir og lýsingar. Facebook síða Árbæjarsafns var einnig notuð til að miðla verkefninu til almennings. Tilraunin gekk að öllu leyti mjög vel og tókst að sýna verk fornleifafræðinga í jákvæðu ljósi auk þess að vekja athygli á sögu Árbæjar. Ætlað er að halda þessu miðlunarverkefni áfram út rannsóknina.



Mynd 24. Gestir Árbæjarsafns fræðast um rannsóknina sumarið 2017.




Mynd 25. Nemendur deildu myndum á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #FORNARRÆTUR

## Gripir

Gripir sem fundust við vettvangsvinnu árið 2018 hafa allir verið skráðir í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn, undir alls 367 fundanúmerum. Nokkuð var um magnfundi þar sem samansafn gripa úr sama jarðlagi voru skráð undir eitt númer. Þetta á einnig við um dýrabein. Algengasta efnið var keramik en glerbrot og ýmsir málmgripir voru einnig



algengir. Alls voru efnisflokkarnir ellefu og verður fjallað stuttlega um þá hér að aftan.



Mynd 26. Skipting gripa eftir efni. Hafa ber í huga að bein er hér skráð undir 24 númerum en undir hverju númeri eru mörg bein (eða tennur). Mest matarúrgangur úr öskuhaug bæjarins.

## Keramik

Skráð voru 116 gripanúmer undir efnisflokknum keramik. Nokkuð var um samansöfn undir stökum númerum og brotin voru alls um 623. Aðeins 283 þeirra hafa verið flokkuð eftir tegund. Af þeim eru flest úr postulíni en þar á eftir er hvítleir algengastur. Örfá brot hafa verið flokkuð sem rauðleir og jarðleir (sjá mynd 13). Mikill fjöldi óflokkaðra leirkersbrota kann að



Mynd 27. Brot úr bolla (2018-19-7) sem fundust í yfirborðslagi [4773] á svæði A. Á botninum stendur: „Made in Japan“.

skekkja myndina töluvert og ætti því að taka þessari tölfræði með fyrirvara. Af athyglisverðum gripum úr leir má nefna fimm brot úr bolla (2018-19-7) sem fundust í yfirborðslagi [4773] á svæði A. Bollinn er skreyttur með stjörnu, mána og taflborðsmunstruðum borða. Á botni bollans segir: „Made in Japan“ (sjá mynd 14).

## Málmur

Skráð voru 112 gripanúmer undir flokknum málmar, þar af eru nokkur samansöfn. Járnnaclar voru mest áberandi og fjöldi málmbúta með óþekkt hlutverk. Einnig fundust ýmis konar verkfæri og áhöld, svo sem sylgja, brot úr skeið, skothylki, krækja, þrjónn, löm, skeifur og hnappar. Í yfirborðslagi [4773] á svæði A fundust fjögur brot úr nælu (2018-19-21).



*Mynd 28. Brot úr nælu (2018-19-21). Stærsta brotið er skjaldarmerki Reykjavíkurborgar en á minni brotunum er áletrað ártalið 1957 og dagsetningin 17. júní.*

Stærsta brotið er skjaldarmerki

Reykjavíkurborgar en á minni brotunum er annars vegar áletrað ártalið 1957 og dagsetningin 17. júní (sjá mynd 21). Athygli vekur að 1957 er stofnár Árbæjarsafns og nælan er þannig minning um fyrstu gesti safnsins. Í yfirborðslagi [4773] á svæði A fundust þrjár myntir allar frá mismunandi árum; sú elsta (2018-19-181) er frá 1912 eða 1932 en þær nýrri eru frá 1975 (2018-19-46) og 1981 (2018-19-17). Athyglisverðir málmgripir af svæði B voru meðal annars koparhnappur (2018-19-74) sem fannst í jarðlagi [5079] og milla (2018-19-68) úr jarðlagi [4954].

## Gler

Í efnaflokkinn gler voru skráð 60 númer. Þorri glersins var flöskugler í ýmsum litum eða rúðugler. Aðrir glergripir voru meðal annars svört glertala (2018-19-1) í yfirborðslagi [4773] á svæði A. Í lagi [5395] á svæði B fundust tvö brot úr staupglasi, hugsanlega passaglasi (2018-19-297 og 2018-19-298).



*Mynd 29. Glertala (2018-19-1) úr yfirborðslagi [4773] á svæði A.*

## Steinn

24 gripanúmer voru skráð undir flokki steina. Um helmingur steingripa voru brýni eða brýnisbrot og einnig fundust nokkrar eldtinnur. Í lagi [5395] á svæði B fannst brot úr fiskisleggju (2018-19-169). Lítill steinn (2018-19-189) sem vegur 175g fannst í lagi [5395] á svæði B. Nokkur göt eru á honum sem virðist að hluta til vera náttúruleg en að hluta til manngerð. Hugsanlega var steinninn notaður sem lóð.

## Bein

Í efnaflokk beina voru skráð 24 gripanúmer en þar af eru mörg samansöfn. Til að mynda var skráð eitt samansafn af fiskibeinum (2018-19-276) úr lagi [5395] á svæði B. Aðeins lítill hluti beinanna hefur verið greindur en flest virðast þau við fyrstu sýn vera úr húsdýrum. Gripir úr beinum voru nokkrir, til dæmis tala úr beini (2018-19-22) sem fannst í yfirborðslagi [4773] á svæði A og gripur (2018-19-141) með útskorið mynstur sem fannst í lagi [5395] á svæði B.



Mynd 30. Samansafn af dýrabeinum og tönnum (2018-19-243) úr lagi [5395] á svæði B.

Í lagi [5358] fundust nokkur bein með gegnumslagnum nöglum (2018-19-174, 2018-19-176 og 2018-19-185) en hlutverk þeirra er óþekkt.

## Annað

Aðrir efnisflokkar voru kol, gjall, leður, viður, skel og plast. Athyglisverðir gripir úr þessum flokkum voru til að mynda heil skel (2018-19-239) sem fannst í lagi [5395] á svæði B. Í sama jarðlagi fannst hluti úr leðurskósóla með kopanöglum; 2018-19-76.



Mynd 31. Gripur 2018-19-174, úr beini með málpinum.



Mynd 32. Leðurskósóli með koparnöglum (2018-19-76) úr lagi [5395].

## Lokaorð

Árið 2018 voru grafin jarðlög frá 16.- 20. öld á tveimur svæðum innan bæjarstæðis Árbæjar; annars vegar í öskuhaug bæjarins og hins vegar á stækkuðu uppraftarsvæði A. Í þessum áfanga var einna áhugaverðast snið nútímaskurðar á suðurbakka svæðis A sem sýnir enn og aftur fram á það að Árbær á sér lengri sögu en ritaðar heimildir gefa til kynna. Í sniðinu sáust einnig fyrstu merki mannvirkis sem hefur ekki verið greinilegt við uppgröft fyrri sumur.

Mannvirkið er frá tímabili (1226-1500) þar sem litlar sem engar ritaðar heimildir eru til um Árbæ og er því dýrmæt heimild um elstu skeið mannvistar. Á miðju uppgriftarsvæði A kom í ljós framhald af torfhruni með mikilli K~1500 gjósku sem tengist mannvirki 3. sem fannst við uppgröft sumarið 2017. Áætlað er að grafa mannvirkið fram að fullu á næsta ári og þannig mun hlutverk þess vonandi skýrast betur. Einnig er áætlað að ljúka uppgreftri á öskuhaugnum en hann er mikilvæg heimild um þróun búsetu og efnismenningar í Árbæ. Markmiðum jarðsjármælinga var náð og bar mælingagögnum vel saman við uppgriftargögn frá þeim svæðum sem uppgröftur hefur farið fram; svæði A, könnunarskurðir 1, 2, 4 og 5. Sérstakan áhuga vakti svæði 4 þar sem virtust vera 2-3 samsíða rými og verður svæðið jarðsjármælt aftur árið 2019 með því markmiði að framkalla þrívíddarmælingar en til þess þarf að ganga svæðið í tvær áttir með jarðsjánni. Með frekari jarðsjármælingunum er einnig ætlað að efla þekkingu íslenskra fornleifafræðinga á aðferðafræðinni.

Verkefnið *Fornar rætur Árbæjar* mun halda áfram næstu árin og verður framvindu þess og niðurstöðum miðlað til almennings með fjölbreyttum hætti.



Mynd 33. Hópmýnd af nemendum og leiðbeinendum á fyrsta degi uppgriftar í Árbæ 2018.

## English Summary

*Fornar rætur Árbæjar* is an archaeological research project conducted by The Reykjavík City Museum in co-operation with the University of Iceland. The aim of the project is to investigate the origins and early development of the Árbær farm and to communicate the results of the research to the visitors of the City Museum and reach a wider audience through social media.

